

um frv. til laga um vega- og brúasjóð.

Frá 1. minni hl. samgöngumálanefndar.

Í október s. l. fluttu 6 þingmenn Framsóknarflokksins í neðri deild frumvarp til laga (á þskj. 76) um vega- og brúasjóð. Aðalefni frumvarpsins var að stofna „vega- og brúasjóð“, er annast skyldi nýbyggingu og endurbyggingu á þjóðvega-kerfi landsins. Tekjur sjóðsins skyldu vera innflutningsgjald af benzíni og þunga-skattur af bifreiðum. — Gengið var út frá því, að gjöld þessi yrðu óbreytt frá því, sem nú er.

Í greinargerð með frumvarpinu er bent á það, að dregið hafi á s. l. árum úr framlögum til vega- og brúagerða í landinu í hlutfalli við rekstrarútgjöld ríkissjóðs og sú þróun sé óviðunandi. Flutningsmenn gerðu það að tillögu sinni til úrbóta í þessu efni, að varið yrði eftirleiðis ákveðnum tekjustofni til nýbygginga og endurbygginga vega og brúa og að þeim tekjustofni yrði ekki til annars varið.

Þann 1. nóv. s. l. var frumvarpinu vísað til samgöngumálanefndar Nd., og lá það þar óhreyft til 6. febr. þ. á., er það var sent vegamálastjóra til umsagnar. Svar vegamálastjóra barst að 10 dögum liðnum. Þar segir hann m. a.:

„Samkvæmt frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að tekjur af benzínskatti og þungaskatti bifreiða verði lagðar í sérstakan sjóð, er varið verði til nýbyggingar vega, endurbyggingar þjóðvega, nýbyggingar fjallvega, nýbyggingar nýbýla- og ræktunarvega, byggingar brúa og endurbyggingar gamalla brúa.

Í fjárlögum þessa árs er fé veitt til nýbyggingar vega á fjórum fjárlagaliðum, þ. e. 13. gr. A. II. a, 16.480 millj. kr., 13. gr. A. II. b, 0.800 millj. kr., 13. gr. A. II. d, 6.700 millj. kr., 20. gr. XXIII, 4 millj. kr., alls 27.980 millj. kr. Til brúagerða er veitt fé í fjárlögum á tveim fjárlagaliðum: 13. gr. III, 11.280 millj. kr., 13. gr. IV, 1.425 millj. kr., og auk þess fellur til fé brúasjóðs af benzínskatti, um 9.2 millj. kr.

Fjárveitingum til nýbyggingar vega á 13. gr. A. II. a og d. er skipt af fjárveitinganefnd, en fé á 13. gr. A. II. b. af samgöngumálaráðherra og fé á 20. gr. XXIII. af sérstakri þingkjörinni nefnd. Fjárveitingum til brúagerða á 13. gr. III. er skipt af fjárveitinganefnd, en fjárveitingu á 13. gr. IV. er skipt af samgöngumálaráðherra svo og fé til brúasjóðs.

Enginn vafi er á því, að þessi skipting á nýbyggingarfé vega og brúa á marga fjárlagaliði er mun flóknari en þörf er á og gerir alla vinnu við skiptingu fjárens svo og framkvæmdir og reikningshald stórum erfiðara og flóknara en efni standa til. Auk þess er aldrei vitað nema frá ári til árs, hve mikið fé fæst á hverjum einstökum lið að undanskildum þeim, er beinar tekur hafa af benzínskatti. Er af þeim sökum aldrei hægt að gera heildaráætlun um að ljúka einstökum verkum á ákveðnu árabili.

Ég er því þeirrar skoðunar, að ofangreint frumvarp væri mikið spor í framfaraátt í þessum efnum“

Framangreind umsögn vegamálastjóra ber það með sér, að hann fellst á megin-sjónarmið flutningsmanna í þessu máli.

Svo virðist sem biðtími sá, sem frumvarpið hlaut hjá samgöngumálanefnd eða meiri hluta hennar, hafi ekki verið tilviljun ein. Meðan frumvarpið lá óhreyft í nefndinni og dregið var að senda vegamálastjóra það til umsagnar, fluttu nokkrir þingmenn úr hópi stuðningsmanna stjórnarinnar þingsályktunartillögu í sameinuðu þingi um endurskoðun á vegalögum. Þeirri tillögu var vísað til fjárveitinganefndar, og sendi sú nefnd vegamálastjóra hana til umsagnar, um svipað leyti og samgöngumálanefnd sendi vegamálastjóra brúa- og vegasjóðsfrumvarpið. Var þó tillagan mun síðar fram komin. Samkvæmt tillögum vegamálastjóra hefur fjárveitinganefnd nú lagt til, að vegalögin verði endurskoðuð, og við þá endurskoðun sérstaklega tekið til athugunar að tryggja ákveðinn tekjustofn til vega- og brúagerða. Má því telja nokkrar líkur til þess, að meginefni frumvarpsins um vega- og brúasjóð nái fram að ganga, þegar endurskoðun hefur farið fram. Með tilliti til þessa greiddi fulltrúi Framsóknarflokksins í samgöngumálanefnd ekki mótaskvæði, þegar meiri hluti nefndarinnar lagði til, að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar, og getur eftir atvikum sætt sig við þá afgreiðslu, eins og nú er komið málum. Undirritaður minni hl. nefndarinnar taldi þó rétt að gefa út sérstakt nefndarálit, m. a. til þess að gera grein fyrir meðferð málsins í heild og átelja þann óeðlilega drátt, sem orðið hefur á afgreiðslu frumvarpsins. Jafnframt þykir minni hlutanum rétt að láta það koma fram, að hann hefði talið eðlilegt að fela endurskoðun vegalöggjafarinnar þingkjörinni nefnd í stað þess að leggja hana eingöngu í vald ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 25. marz 1961.

Jón Kjartansson.